

102

24. gr.

28. des.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1951 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

103

L Ö G

15. des.

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda). Í Reykjavík skal nefndin skipuð lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra, borgarlækni, yfirverkfræðingi landssímans, verkfræðingi í þjónustu bæjarins og tveimur mönnum öðrum, kjörnum af bæjarráði. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar lögreglustjóra, bæjarstjóra (oddvita), slökkviliðsstjóra, héraðslækni og bæjarverkfræðingi eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar. Nú eru þessir embættismenn ekki allir starfandi á stað, þar sem ástæða þykir til loftvarna eða annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, og skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum tilnefna menn í þeirra stað, er lögreglustjóri skipar síðan til starfsins.

Lögreglustjórar skulu vera formenn og framkvæmdarstjórar nefndanna. Í Reykjavík skipar bæjarstjórn sérstakan framkvæmdarstjóra, að fengnum tillögum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 15. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.